

Reykjavík, 16. júní 2022

Varðar:

Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2022

Tillaga að skipun starfshóps

Á afmæli Reykjavíkurborgar 18. ágúst, eða sem næst þeim degi, á hverju ári eru veittar viðurkenningar fyrir endurbætur á eldri húsum og fyrir lóðir þjónustu, og stofnana og fjölbýlishúsa.

Auk þess hafa á undanförunum árum verið veittar viðurkenningar fyrir vel útfærð svæði fyrir utan verslanir við „sumargötur“, þ.e. götur sem eru göngugötur á sumrin.

Ekki er um að ræða verðlaun í formi fjármagns, heldur er eingöngu verið að veita viðurkenningu og hrósa viðkomandi eigendum/lóðarhafa fyrir þeirra framlag til að bæta útlit og borgarmynd viðkomandi lóða og bygginga.

Vinnuhópurinn fyrir árið 2022 skipa eftirtaldir aðilar:

Fyrir endurbætur á eldri húsum:

Sólveig Sigurðardóttir, arkitekt (USK)

Guðlaug Erna Jónsdóttir, arkitekt (Borgarsögusafn)

Fyrir fallegar og vel skipulagðar lóðir þjónustu, og stofnana og fjölbýlishúsa, auk sumargatna:

Pétur Andreas Maack, arkitekt (USK)

Guðrún Birna Sigmarsdóttir, landslagsarkitekt (USK)

Vinnuhópurinn mun auglýsa opinberlega eftir tilnefningum/ábendingum frá borgarbúum um verðug verkefni.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir

arkitekt / verkefnastjóri